



Desember 2013

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR	4
LEIKSKÓLINN MÝRI	4
GREINING	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Mýri sem fram fór í nóvember 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: – að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja að, svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í október 2013 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 22. október -6. nóvember. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN MÝRI

Leikskólinn Mýri tók til starfa 1. september 1989 og er staðsettur við Skerplugötu 1 í Litla-Skerjafirði. Í upphafi var leikskólinn foreldrarekinn, það rekstrarform hélst fram til 1. ágúst 2011 en þá tók Reykjavíkurborg við rekstrinum.

Í leikskólanum eru þrjár aldursskiptar deildir og eru 47 börn í leikskólanum starfsárið haustið 2013. Yngstu börnin, 2-3 ára eru á Flugumýri, 3ja ára börnin er á Krúmýri og elstu börnin, 4-5 ára eru á Hrafnsmýri. Í leikskólanum eru 2 börn sem fá stuðning.

Leikskólastjóri leikskólans Mýri er Unnur Jónsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Kristín Ingibjörg Mar.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Jákvæður skólabragur, áhugi og metnaður starfsfólks einkenna leikskólastarfið. Áherslur í skólanámskrá um samskipti endurspeglast í viðhorfum og verkum þeirra. Samstarf og viðmót starfsfólks er jákvætt og vinsamlegt andrúmsloft einkennir samskiptin. Horft er á styrkleika og hæfileika starfsfólks, þeir nýttir og metnir að verðleikum. Leikskólastjóri leggur áherslu á að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra. Í leikskólanum er litið á börn og foreldra sem samstarfsaðila. Virðing og uppbyggjandi samskipti eru ríkjandi í samskiptum starfsfólks við börnin. Milli barnanna ríkir virðing og samkennd og þeim líður vel í leikskólanum. Foreldrasamstarf er gott og byggir á gömlum merg síðan leikskólinn var foreldrarekinn. Ábendingum foreldra er vel tekið og þeir hvattir til að koma með hugmyndir, spyrja og ræða við starfsfólk. Foreldraráð og foreldrafélag styðja vel við leikskólastarfið.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Gera áætlun og koma á skipulögðum fundum stjórnenda, deildarstjóra og deilda. Stjórnendur¹ geri skriflegt samkomulag um verkaskiptingu milli leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra. Koma á reglu um að skrá alla fundi, þannig að fundargerðir verði aðgengilegar starfsfólki deilda og nýtist sem matstæki í endurmati. Stjórnendur geri áætlun varðandi undirbúningstíma fagfólks. Koma á verklagsreglum varðandi áföll, ágreinings-, eineltis- og barnaverndarmála. Auka áhrif barna á viðfangsefni og skipulagningu leikskólastarfsins. Koma á skráningum í daglegu starfi. Efla innra mat og skýra hvernig gagna er aflað og hvort stuðst er við fjölbreytt matsgögn. Skilgreina í nýrri skólanámskrá viðmið og leiðir að markmiðum leikskólans. Auka þátttöku barna í mati og í ákvarðanatöku þannig að þau hafi meiri áhrif á leikskólastarfið.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.